

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

2. tbl. 27. árgangur • Mars 2016



Aðalfundum deilda lokið

Aðalfundum deilda hjá Verkalýðsfélagi Þórshafnar er lokið þetta árið, voru það hádegisverðarfundir í Hafliðabúð sem fóru vel fram. Boðið var upp á veitingar frá Grillskálanum.

Aðalfundur Sjómannadeildar haldinn 8. janúar 2016

Stjórn skipa Sigfús Kristjánsson formaður, Árni Bragi Njálsson varaformaður og Jóhann Ægir Halldórsson ritari.

Aðalfundur verslunar og skrifstofudeildar haldinn 2. mars 2016

Stjórn skipa Kristín Kristjánsdóttir formaður, Elfa Benediktsdóttir varaformaður og Guðrún Þorleifsdóttir ritari.

Aðalfundur iðnaðarmannadeildar haldinn 9. mars 2016

Stjórn skipa Vikar Már Víflsson formaður, Þórður Þórðarson varaformaður og Axel Jóhannesson ritari.



Innan Verkalýðsfélags Þórshafnar eru þrjár öflugar deildir sem lokið hafa sínum aðalfundum þetta árið.

Borað í gegnum Húsavíkurhöfða

Framkvæmdir standa nú yfir við Húsavíkurhöfn þar sem unnið er að því að lagfæra höfnina. Einnig er hafin jarðgangnagerð í gegnum Húsavíkurhöfða og vegaverð að iðnaðarlóðunum á Bakka. Eftirlitsfulltrúar Framsýnar voru á ferðinni og tóku þessar myndir við það tækifæri. Hægt er að sjá fleiri áhugaverðir myndir frá framkvæmdunum inn á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is



Byrjað er á göngunum í gegnum Húsavíkurhöfða.

Átök framundan

Innan samninganefndar Sjómannasambands Íslands liggur fyrir samþykkt að hefja undirbúning verkfallsaðgerða. Jafnframt að reyna til þrautar á næstu vikum að ná samningum við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. Gangi það ekki eftir má búast við hörðum aðgerðum á næstu mánuðum. Samningar sjómanna og útgerðar hafa verið lausir frá árinu 2011 og kjaradeilan verði á Virðingarleysi Samtaka fyrirtækja í borði ríkissáttasemjara frá 2012. sjávarútvegi og garð sjómanna er algjört. Það Deilan snertir á fimmta þúsund er á þeirra ábyrgð komi til verkfallsátaka á sjómenn.



Virðingarleysi Samtaka fyrirtækja í borði ríkissáttasemjara frá 2012. sjávarútvegi og garð sjómanna er algjört. Það Deilan snertir á fimmta þúsund er á þeirra ábyrgð komi til verkfallsátaka á sjómenn.



Jón Óskarsson forstöðumaður Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum þarf að gripa í mörg verk á Illugastöðum til að halda byggðinni í góðu lagi. Hér er hann að laga skilti sem fór illa í vondu veðri á dögnum.

Forsíðumynd

Heiðar Valur Hafliðason sjómaður og trúnaðarmaður starfsmanna á togaranum Guðmundi í Nesi RE tók þátt í trúnaðarmannanámskeiði Framsýnar á dögnum. Hér er hann með yngsta þátttakandann á námskeiðinu í fanginu, Áskel Franz Benediktsson, sem tók þátt í námskeiðinu með móðir sinni og stal gjörsamlega senunni enda ljúfur og falletgur drengur.



Hér verður gangnamuninn Bakka megin, það er í Laugardalnum. Ánægjulegt er að sjá að verktakinn hlífir gamalli kartöflugeymslu sem er í jaðrinum á veginum.



Hér eru starfsmenn LNS Saga að vinna við að lengja grjótnavargarð frá Bökugarði að gangnamunnum. Til þess eru notaðar stórar vinnuvélar.

Attention!

The labour organizations in Þingeyjarsýslur in collaboration with The Icelandic confederation of labour (ASÍ), The confederation of Icelandic employers (SA), The directorate of internal revenue (RSK), the police and other connected parties will practice comprehensive workplace monitoring on their territory in the coming months. We encourage every one who suspects rules and laws are not being followed on a workplace to e-mail framsyn@framsyn.is. Every tip e-mailed will be kept confidential between the labour organizations and the sender.

Vinnustaðaeftirlit

Pann 15. ágúst 2010 tók gildi samkomulag ASÍ og Samtaka Atvinnulífsins um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum byggt á lögum um sama efni. Vinnustaðaskírteinum er ætlað að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og undirboðum á vinnumarkaði. Með viðbótarsamkomulagi ASÍ og SA frá 5. maí 2011 bættust við nýjar atvinnugreinar, þar sem skylt er að bera vinnustaðaskírteini. Þá gerðu ASÍ og SA viðbótarsamkomulag 16. apríl 2013 sem felur m.a. í sér að enn fleiri atvinnugreinar falla undir samkomulagið. Samkvæmt staðli Staðlaráðs Íslands ÍST 132:2012 ber nú að skrá starfsheiti starfsmanna á vinnustaðaskírteinin.

Eftirlit á vinnustöðum

Markmið vinnustaðaskírteina og eftirlits á vinnustöðum er að tryggja að atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum. Samráðsnefnd ASÍ og SA hefur veitt sérstökum eftirlitsfulltrúum heimild til að annast eftirlit og hafa þeir rétt skv. l. nr. 42/2010 til aðgangs að vinnustöðum og heimild til að krefja atvinnurekanda og launamenn hans um að sýna vinnustaðaskírteini. Skulu þeir skrá niður upplýsingar og senda áfram til opinberra aðila s.s. RSK og Vinnuálastofnunar.

Hverjir falla undir?

Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, rekstur gististaða, söluturnar og veitingarekstur, húsgagna- og innréttingaiðnaður, gleriðnaður og skyld starfsemi, kjötiðnaður, bakstur, bilgreinar, rafíðnaður, ýmsar málm- og véltæknigreinar, veitustarfsemi, fjarskipti og upplýsingastarfsemi og öryggisþjónusta, ræktun nytjajurta, svína- og alifuglarækt, eggjaframleiðsla, farþegaflutningar á landi og ferðaþjónusta, skrudgarðyrkja og ýmis þjónustustarfsemi eins og framangreind starfsemi er afmörkuð í fylgiskjölum sem falla nú undir gildissvið samkomulags ASÍ og SA og er miðað við ÍSAT2008 flokkun atvinnurekanda í fyrirtækjaskrá RSK. Samkomulag ASÍ og SA afmarkar einnig hvaða starfsmenn innan þessara atvinnugreina falla undir eftirlitið.

Vinnustaðaskírteini

Atvinnurekandi skal útbúa eða láta útbúa vinnustaðaskírteini fyrir starfsmenn sína sem hefur að geyma þær upplýsingar sem tilgreindar eru í lögum og samkomulagi ASÍ og SA. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast inn á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is eða með því að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna.

Aðalsteinn Jóhannes ráðinn til starfa

Skrifstofa stéttarfélaganna auglýsti nýlega eftir starfsmanni í eftirlits- og þjónustustörf á vegum félaganna með sérstaka áherslu á vinnustaðaeftirlit. Alls sóttu 13 umsækjendur um starfið. Eftir yfirferð hefur Fulltrúaráð stéttarfélaganna sem skipað er fulltrúum þeirra féлага sem aðild eiga að skrifstofunni; Framsýnar, Þingíðnar og Starfsmannafélags Húsavíkur samþykkt að ráða Aðalstein Jóhannes Halldórsson í starfið. Aðalsteinn lauk BA gráðu í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands árið 2006 og MPA gráðu í opinberri stjórnslu frá sama skóla árið 2010. Áður lauk hann stúdentsprófi frá Framhaldsskólanum á Húsavík árið 1999. Auk þess hefur hann klárað námskeið í bókhalda sem gagnast honum í starfi hjá stéttarfélagunum. Þá býr Aðalsteinn yfir mjög góðri tölvuþekkingu



Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson hefur verið ráðinn í starf eftirlits- og þjónustustörf fulltrúa stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum.

og hefur gott vald á íslensku og ensku bæði í ræðu og riti. Aðalsteinn sat í sveitarstjórn Norðurþings kjörtímabilið 2006-2010 ásamt því að sitja í nokkrum nefndum sveitarfélagsins eða fyrir hönd þess á þessu tímabili. Hann starfaði sem sérfræðingur á Þekkingarneti Þingeyinga á árunum 2008-2013. Auk þess hefur hann starfað við ýmiskonar störf í gegnum tíðina, til dæmis byggingarvinnu, afgreiðslustörf og landbúnaðarstörf. Aðalsteinn hóf formlega störf miðvikudaginn 16. mars 2016.

Stéttarfélagin vilja nota tækifærið og þakka öllum þeim sem sóttu um starfið fyrir áhugann fyrir starfinu um leið og Aðalsteinn Jóhannes er boðinn velkominn til starfa.

Félagsmenn hafa sparað sér um 50 milljónir

Veruleg aukning hefur orðið á flugi til Húsavíkur milli ára. Í febrúar mánuði 2015 fóru 674 farþegar um Húsavíkurflugvöll á móti 1518 farþegum í febrúar 2016. Um er að ræða aukningu upp á 125%. Flugfélagið Ernir hóf áætunarflug til Húsavíkur 15. apríl 2012. Á árunum 2013 og 2014 fóru um 9.800 farþegar um völlinn á ársgrundvelli. Á árinu 2015 fjölgaði farþegum upp í tæplega 12.000 farþega. Í sambandi við fjölgun farþega um völlinn má geta þess að Framsýn, gerði fyrst stéttarféлага, samning við flugfélagið um sérkjör fyrir félagsmenn. Samningur þess efnis var undirritaður 21. nóvember 2013. Frá þeim tíma hafa félagsmenn stéttarfélaganna sem aðild eiga að Skrifstofu stéttarfélaganna flogið 7.500 flugferðir sem sparað hefur þeim um 50 milljónir frá miðlungs fargjaldi um leið og sætanýting í flugvélum Ernis hefur orðið mun betri enda jafngilda 7.500 flugmiðar 395 full bókuðum flugferðum m.v. stærð flugvélna. Í dag er flogið flesta daga. Þá er ljóst að framkvæmdirnar á svæðinu er tengjast uppbyggingunni á Bakka auk sívaxandi ferðaþjónustu kemur til með að styrkja flugumferð um Húsavíkurflugvöll enn frekar sem er afar ánægjulegt enda mikil lífsgæði fólgin í því að hafa aðgengi að flugsamgöngum í heimahéraði. Fyrir liggur að á árinu 2016 verður slegið met í farþega fjölda um Húsavíkurflugvöll frá þeim tíma sem Flugfélagið Ernir hóf áætunarflug til Húsavíkur.



Félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum hafa sparað sér um 50 milljónir á tveimur árum með sérkjörum á flugmiðum stéttarfélaganna milli Húsavíkur og Reykjavíkur með Flugfélaginu Erni. Óhætt er að segja að þetta sé kjarabót í lagi.

Eitt tilboð barst í breytingar

Nýlega voru opnuð tilboð í breytingar á húsnæði stéttarfélaganna að Garðarsbraut 26. Stéttarfélagin eignuðust fyrir nokkrum árum efri hæðina í húsinu, Árgötu megin. Samkvæmt útböðinu er reiknað með átta skrifstofum, kaffistofu og eldhúsi og á verkinu að vera lokið í byrjun sumars. Þrír verktakar náðu í útböðsgögn og einn skilaði inn tilboði, trésmiðafyrirtækið H-3 ehf. á Húsavík sem er nokkuð hærra en kostnaðaráætlunin gerir ráð fyrir. Tilboðið verður skoðað á næstu dögum. Í framhaldi af því verður tekin ákvörðun um næstu skref í málinu.

Skelfileg þátttaka í atkvæðagreiðslu

Sameiginlegri allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ um kjarasamning milli aðildarsamtaka ASÍ og SA frá 21. janúar 2016 lauk 24. febrúar síðastliðinn. Já sögðu 9.274 eða 91,28%. Nei sögðu 832 eða 7,81%. Auðu skiluðu 97 eða 0,91%. Kjarasamningurinn var því samþykktur. Á kjörskrá voru 75.635. atkvæði greiddu 10.653 eða 14,08%. Framsýn, Þingíðn og Verkalýðsfélag Þórshafnar áttu ekki mikinn áhuga fyrir atkvæðagreiðslu um nýjan kjarasamning sem var samþykktur og gildir frá 1. janúar 2016.



Félagsmenn Alþýðusambandsins höfðu ekki mikinn áhuga fyrir atkvæðagreiðslu um nýjan kjarasamning sem var samþykktur og gildir frá 1. janúar 2016.

Sumarhús, íbúðir, hótél og fleira

-fjölbreyttir orlofskostir fyrir félagsmenn

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum; Framsýn, Þingið, Starfsmannafélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Þórshafnar bjóða félagsmönnum sínum upp á sameiginlega orlofskosti í sumar eins og undanfarin ár.

Félagsmönnum bjóðast orlofshús, íbúðir, gistiávisanir á Gistihúsi Keflavíkur og Hótél Keflavík, Foss- og Edduhótélum, gisting á farfuglaheimilum og endurgreiðsla á gistikostnaði á tjaldsvæðum og vegna kaupna á útilegukortum.

Hótél Keflavík, Gistihús Keflavíkur, Bed/Breakfast Keflavík, Fosshótél Barón í Reykjavík, Fosshótél Lind í Reykjavík og nokkur Farfuglaheimili eru opin allt árið og gildir afsláttur til félagsmanna þar einnig yfir vetrarmánuðina.

Ekkert punktakerfi er við lýði hjá stéttarfélagunum í Þingeyjarsýslum. Leitast er við að sem flestir félagsmenn sem sækja um orlofshús fái úthlutað orlofshúsi.

Umsóknarfrestur er til 22. apríl

Leiguverð sumarið 2016

Líkt og undanfarin ár bjóða félagin upp orlofshús og íbúðir. Ákveðið hefur verið að leigugjald fyrir orlofshús og íbúðir verði kr. 26.000 á viku sumarið 2016. Almennir skiptidagar eru föstudagar. Á umsóknareyðublaði sem fylgir fréttabréfinu kemur fram hvaða vikur orlofshúsin eru í boði. Í sumar standa félagsmönnum til boða eftirtalin orlofshús og íbúðir:

Orlofsíbúð Asparfelli Reykjavík



Í Breiðholtinu er boðið upp á íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Í íbúðinni er 1 svefnherbergi með hjónarúmi, tvíbreiður svefnsófi er í stofu og tvær aukadýnur.

Í Asparfelliinu eru stutt í þjónustu, t.d. er fjöldi verslana rétt við íbúðina.

Flókalundur - Barðaströnd



Húsið sem er 42 fm. stendur í Orlofsbyggðinni í Flókalundi sem er rómað svæði fyrir fegurð og stórbrotið landslag enda á Vestfjörðum. Húsið er með 2 svefnherbergjum, stofu og borðstofu með eldhúskrók. Svefnpláss og sængur eru fyrir 6 manns og hægt er að fá lánaða dýnu hjá umsjónarmanni.

Orlofshús á Einarstöðum



Sumarhúsin að Einarstöðum eru í um 11 kílómetra fjarlægð frá Egilsstöðum en þar er hægt að sækja alla almenna þjónustu, sundlaug, heita potta, matvöruverslanir, flugsamgöngur, lyfjaverslun o.fl. Heitur pottur er við bústaðinn.

Stærð bústaðarins er 45 fm sem skiptast í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir 8 manns. Í tveimur herbergjum eru tvíbreið rúm og koja yfir en í þriðja herberginu eru kojur. Búnaður: Borðbúnaður, pottar, pönnur, sængur og koddar fyrir átta manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt fyrir 1200 kr. á rúmið og 400 fyrir baðhandklæði, (sækja og greiða þarf línið hjá umsjónarmanni).

Umsóknarfrestur og úthlutun

Með þessu fréttabréfi fylgir umsóknareyðublað um orlofshúsin og íbúðirnar, sem einnig er hægt að nálgast á heimsíðu félaganna www.framsyn.is. Umsóknum skal skila til Skrifstofu stéttarfélaganna í síðasta lagi 22. apríl nk. Úthlutun fer svo fram næstu daga þar á eftir.

Bjarkarsel - Flúðum



Orlofshúsið er staðsett í Ásabyggð á Flúðum, ca 100 km frá Reykjavík. Húsið sem er 52 fm skiptist í forstofu, 2 svefnherbergi með sængum og koddum og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss fyrir fjóra í tveimur tvíbreiðum rúnum. Stofan er með sjónvarpi, dvd og útvarpi og fullbúið eldhús.

Stór sólpallur er við húsið og þar er heitur pottur í góðu skjóli með gasgrilli. Mikill trjágróður er umhverfis með útiverusvæði fyrir börnin. Mikil er af merktum gönguleiðum í nágrenningu. Stutt er í hraðbanka, verslun, golfvelli, sundlaug, veitingastaði og fleira. Skammt frá Flúðum er Gullfoss, Geysir, Háifoss, Gjáin og Þjórsárdalur svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar bustadur.is

Orlofshús Kjarnaskógi - Hús nr. 3



Í Kjarnaskógi við Akureyri er boðið upp á vel búið 53 m² orlofshús. Í húsinu er þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og tveim aukadýnum og hin tvö með koju. Þvottavél er í orlofshúsinu. Við húsið er góð verönd og heitur pottur.

Bláskógar í Svínadal



Í Svínadal inn af Hvalfirði er vaxandi sumarhúsabyggð sem nýtur æ meiri vinsælda. Svæðið er þægilega stutt frá þéttbýlinu en samt út ír skarkalanum. Stutt er í sund að Hlöðum og gestir í húsinu geta veitt í vötnunum þremur í Svínadal án endurgjalds gegn framvísun leigusamnings. Hús félagsins að Bláskógum 12 í Svarfhólsskógi er 44m² með

tveimur svefnherbergjum og svefnlofti. Í öðru svefnherberginu er tvíbreitt rúm og í hinu er þreföld einbreið koja (þrjú rúm) auk barnarúms. Á svefnlofti er nóg af aukadýnum. Sængur og koddar eru fyrir 8 manns. Búnaður er fyrir 8 manns. Húsið er með stórra verönd og heitum potti. Vorið 2008 var endurnýjuð eldhúsinnrétting og gólfefni á neðri hæð.

Orlofshús Öxarfirði



Í Dranghólaskógi við Lund bjóða félagin upp á orlofshús allan ársins hring sem stendur á einstaklega fallegum stað. Húsið er vel búið með þrem svefnherbergjum, einu með hjónarúmi og hinum með kojum. Í húsinu eru tvær aukadýnur. Í ár

verður húsið í leiguskiptum frá 31. maí til 30. ágúst en hægt er að fá húsið leigt utan þess tíma.

Orlofshús Eiðum-MIKIÐ ENDURBÆTT



Í orlofsbyggðinni Eiðum, sem er 14 km norðan við Egilsstaði, er boðið upp á 54 m² orlofshús. Miklar endurbætur hafa verið unnar á húsinu og í nágrenni þess. Aðgengi að húsinu hefur verið bætt verulega. Húsið stendur við Eiðavatn og fylgir því aðgangur að árabát.

Orlofshúsið Mörk Grímsnesi

Orlofshúsið er um 52 m² að stærð með þremur svefnherberjum. Í einu þeirra er hjónarúm og efri kofa en í hinum eru kojur. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 15 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu við Sogið. Orlofshúsið Mörk stendur í hverfinu Skjólborgum við götuna Fljótsbakka 20.

Orlofshúsið Lyngás 8 Grímsnesi

Í boði er stórt orlofshús, um 100 m² (svefnloft innifalið). Í húsinu eru tvö svefnherbergi með hjónarúmum og í öðru þeirra er aukarúm. Auk þess er í húsinu 28 m² svefnloft með tveimur tvíbreiðum rúmum og einu einbreiðu rúmi. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 18 km frá

Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu skammt frá Sogsvirkjunum. Athugið, myndin er ekki af rétta orlofshúsinu sem stéttarfélagin eru með á leigu en það er mjög svipað húsinu á myndinni.

Orlofshús Ölfusborgum

Í boði er orlofshús í orlofsbyggðinni Ölfusborgum við Hveragerði. Húsið er 55 m² með þrjú svefnherbergi. Í einu þeirra er hjónarúm en í hinum eru kojur. Góð verönd og heitur pottur er við húsið. Húsið er mikið endurnýjað.

Þorrasalir 1-3 í Kópavogi

Í boði eru fjórar glæsilegar þriggja herbergja íbúðir í Þorrasalum 1 – 3 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 80 til 100 fm. Í íbúðunum eru tvo herbergi með svefnstæðum fyrir fjóra. Auka dýnur fylgja einnig íbúðunum. Nokkrar góðar gönguleiðir eru í næsta nágrenni við Þorrasali en fjölbýlishúsið er rétt við útivistarsvæði höfuðborgarbúa.

Stæðum fyrir fjóra. Auka dýnur fylgja einnig íbúðunum. Nokkrar góðar gönguleiðir eru í næsta nágrenni við Þorrasali en fjölbýlishúsið er rétt við útivistarsvæði höfuðborgarbúa.

Sólheimar 23 Reykjavík

Íbúðin í Sólheimum er í eigu Starfsmannafélags Húsavíkur. Íbúðin er þriggja herbergja og aðeins leigð til félagsmanna í STH. Tvö svefnherbergi eru í íbúðinni, annað er hjónaherbergi með hjónarúmi og hitt herbergið er með tveimur kojum með fjórum svefnstæðum.

Auk þess er barnarúm til staðar. Þá

er tvíbreiður sófi í stofunni.

Íbúðin er leigð út af Bæjarskrifstofunni og gefa Ása Gísladóttir sími 464-6103. Umsjónarmaður íbúðar í Reykjavík er Halldór Guðnason símar 892-0580 og 892-6180

Reykingar og húsdýr

Reykingar eru bannaðar í sumarhúsum og íbúðum á vegum félaganna. Félagsmenn eru hvattir til að virða þetta bann. Húsdýr eru ekki leyfð í orlofshúsum og íbúðum. Brot á þessum reglum varða tafarlausi brottvikningu úr húsnæðinu og sektum.

**Hótelgisting á Fosshótelum**

Félagsmönnum stéttarfélaganna býðst gisting á Fosshótelum sem staðsett eru víða um land:

Fosshótel Reykjavík, Höfðatorgi, 105 Reykjavík
Fosshótel Lind, Rauðarárstígur 18, 101 Reykjavík
Fosshótel Baron, Barónstígur 2, 101 Reykjavík
Fosshótel Reykholt, 320 Reykholt
Fosshótel Húsavík, Ketilsbraut 22, 640 Húsavík
Fosshótel Dalvík, Skíðabraut 18, 620 Dalvík
Fosshótel Núpar, Núpar, 880 Kirkjubæjarklaustur
Fosshótel Vatnajökull, Lindarbakka, 781 Hornafjörður
Fosshótel Laugar, 650 Laugar
Fosshótel Vestfirðir, Aðalstræti 100, 450 Patreksfjörður
Fosshótel Austfirðir, 750 Fáskrúðsfjörður
Fosshótel Hekla, Brjánsstöðum, 801 Selfoss
Í boði eru tveggja manna herbergi með baði og morgunmat. Félagsmenn sjá sjálfir um að bóka gistinguna og kaupa síðan gistiávisun á Skrifstofu stéttarfélaganna.

- Almennt verð fyrir gistinóttina er kr. 9.000 með niðurgreiðslu.
- Frítt er fyrir eitt barn undir 12 ára aldri í herbergi með foreldrum.
- Aukarúm kostar kr. 6.100 með morgunmat.
- Frá 1. júní til 31. ágúst þarf að greiða með 2 gistimiðum fyrir hverja nótt á Fosshótelum sem gerir kr. 18.000.
- Ath. 7.000 kr. aukagjald greiðist fyrir gistingu á Fosshótel Reykjavík.

Gistimiðar gilda ekki á Menningarnótt, Fiskideginum mikla á Dalvík og á Mærudögum á Húsavík.

FOSSHOTEL

Hótelgisting á Eddu

Félagsmönnum býðst gisting á 12 Edduhótelum sem staðsett eru um allt land. Hótelin eru: ML Laugarvatni, IKI Laugarvatni, Skógar, Höfn, Neskaupsstaður, Egilsstaðir, Akureyri, Stórutjarnir, Vík, Laugarbakki, Sælingsdalur og Ísafjörður.

Félagsmenn kaupa á Skrifstofu stéttarfélaganna gistiávisun fyrir uppþúð tveggja manna herbergi með handlaug og bóka sér síðan gistingu þar sem þeir kjósa. Heimilt er að hafa með sér börn án sérstaks aukagjalds ef viðkomandi hefur með sér rúmöt fyrir þau. Hótelid leggur til dýnur. Félagsmenn fá góðan afslátt og að auki niðurgreiða stéttarfélagin hverja nótt um kr. 2.500,-. Athugið að morgunverður er ekki innifalinn og misjafnt framboð er hjá einstökum hótélum eftir tímabilum.

Nánari upplýsingar á www.hoteledda.is

**Bed - Breakfast Keflavík**

Stéttarfélagin hafa samið við Gistihús Keflavík/ Bed-Breakfast um afslátt af gistingu fyrir félagsmenn. Auk þess niðurgreiða félagin hverja gistinótt um kr. 2.000,- fyrir hvern fullgildan félagsmann. Gistihús Keflavíkur er góður valkostur fyrir þá sem eru að ferðast til og frá Íslandi en aðeins 6 mínútna akstur er að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Boðið er upp á morgunverð frá klukkan 04:30 alla daga. Akstur til og frá Keflavíkurflugvelli innifalinn í verði. Nánari upplýsingar á www.bbkeflavik.com

Gisting á Akureyri

Stéttarfélagin eru með samning við Hótel KEA, Hótel Norðurland og Ráðhúsið íbúðahótel á Akureyri og Lamb inn á Öngulsstöðum um sérstök afsláttarkjör fyrir félagsmenn. Frekari upplýsingar er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Veidikort fyrir félagsmenn

Stéttarfélagin hafa ákveðið að bjóða félagsmönnum að kaupa Veidikort sem gildir í 36 veiðivötn víða um land, þar af gefur veiðikortið aðgang að sex veiðivötnum á félagssvæði stéttarfélaganna, það er í þrjú vötn á Melrakkaslétu, Ljósavatn og Vestmannsvatn. Fullt verð á Veidikortinu er kr. 6.900. Verð til félagsmanna er kr. 3.500. Með kortinu fylgir vegleg handbók þar sem vötnin eru ítarlega kynnt í máli og myndum. Á vefnum www.veidikortid.is, má finna fréttir og fróðleik sem og allar nánari upplýsingar um vatnasvæðin. Þar má líka finna öflugt myndaalbúm. Veidikortið er til sölu á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Boðið til veislu 1. maí

Að venju bjóða stéttarfélagin til mikillar veislu í íþróttahúsinu á Húsavík 1. maí á alþjóðlegum hátíðisdegi verkafólks. Hátíðin hefst kl. 14:00. Þessa dagana er unnið að því að ganga frá dagskrá hátíðarinnar sem verður auglýst síðar.

Sama verð milli ára á orlofshúsum

Stéttarfélagin hafa ákveðið að bjóða félagsmönnum upp á sambærilegt framboð af orlofshúsum sumarið 2016 og var sumarið 2015. Þá hafa félagin einnig ákveðið að leiguverði verði það sama milli ára kr. 26.000,- fyrir leigða viku til félagsmanna.

Sumarferð stéttarfélaganna

Sumarferð stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum í ár verður farin um miðjan ágúst n.k. Að þessu sinni verður boðið uppá gönguferð um Laxárdal, en dalurinn er ein af helstu náttúruperlum Þingeyjarsýslna.

Laxárdalur er um 27 km langur, liggur austan Reykjadal og nær frá Brúum að Helluvaði, en við munum aðeins ganga hluta þeirra leiðar. Rútuferð verður frá Húsavík upp á Mývatnsheiði, við Mátvatn reimum við gönguskóna og höldum sem leið liggur eftir vegarslóða niður dalinn að Ljósstöðum.

Í Laxárdal er margt merkilegt að sjá og dalurinn er rómaður fyrir fríðsæld og náttúrufegurð. Hann er vel gróinn, skreyttur kjarri og lyngmóm og Laxáin með sínu fjölskrúðuga fuglalífi liðast í mjúkum sveigum niður í Laxárgljúfur í Aðaldal. Dalurinn geymir eins og menn vita mikla og merkilega sögu. Við verðum í fylgd staðkunnugra, tókum okkur góðan tíma og fáum söguna beint í æð.

Aður en við kveðjum Laxárdalinn munum við kveikja upp í grillinu og snæða saman áður en við höldum heimleiðis með rútu til Húsavíkur. Ferðin verður nánar auglýst í næsta fréttabréfi.



Stéttarfélagin hafa staðið fyrir nokkrum góðum gönguferðum. Þessir þrír heiðursmenn fóru í eina af þeim, Ivar, Kristján og Leifur Vilhelm. Áhugaverð gönguferð er fyrirhuguð um miðjan ágúst.

Afsláttarkjör á flugi fyrir félagsmenn

Félagsmönnum stéttarfélaganna stendur til boða sérkjör á flugi milli Húsavíkur og Reykjavíkur með flugfélaginu Erni. Þegar félagsmenn hafa ákveðið að ferðast flugleiðis milli Húsavíkur og Reykjavíkur byrja þeir á því að hafa samband við Flugfélagið Erni í síma 562-2640 eða með því að senda tölvupóst á netfangið bokanir@ernir.is. Gengið er frá pöntun á flugfarinu hjá flugfélaginu. Félagsmenn tilgreina um leið að þeir ætli að greiða með flugmiða frá stéttarfélagunum á Húsavík. Því næst setja félagsmenn sig í samband við Skrifstofu stéttarfélaganna og kaupa sér flugmiða sem kostar kr. 8.900 sem þeir afhenda svo þegar þeir innrita sig í flugið á Húsavík eða í Reykjavík. Þeir sem búa utan Húsavíkur geta fengið flugmiðana senda til sín í pósti hvert á land sem er. Hægt er að greiða fargjaldið með því að leggja upphæðina inn á reikning sem er í eigu Framsýnar 0567-26-1112. Kennitala Framsýnar er 680269-7349.

Aðalfundur félaganna

Aðildarfélag Skrifstofu stéttarfélaganna stefna að aðalfundum í næsta mánuði. Þar sem nákvæm tímasetning liggur ekki fyrir eru félagsmenn beðnir um að fylgjast með heimasíðu félaganna sem mun upplýsa um fundartíma og rétt félagsmanna til að koma fram með löglega bornar tillögur á fundunum.

Samningur við bændur endurnýjaður

Starfsgreinasambandið gekk fyrir helgina frá endurnýjuðum kjarasamningi við Bændasamtök Íslands. Framsýn og Verkalýðsfélag Þórshafnar eiga aðild að samningnum. Samningurinn er í takt við aðra samninga sem gerðir hafa verið undanfarið milli aðila vinnumarkaðarins og tengjast endurskoðun kjarasamninga frá því í maí á síðasta ári. Samkvæmt samningnum sem var undirritaður 15. mars færast hækkanir sem koma átta til 1. maí nk. fram til 1. janúar 2016. Hækkanirnar eru að jafnaði 6,2% þó að lágmarki kr. 15.000 á mánuði. Næsta launahækkun kemur til 1. maí 2017 samtals 4,5% og svo aftur 1. maí 2018 samtals 3,0%. Þá koma á tímabilinu, það er á næstu þremur árum hækkanir á lífeyrissjóðs framlögum atvinnurekenda í lífeyrissjóði starfsmanna. Það er með eftirfarandi hætti: Heildarframlagið verður 8,5% 1. júlí 2016, 10,0% 1. júlí 2017 og 11,5% 1. júlí 2018.



Verkalýðshreyfingin hefur gert nýjan kjarasamning við Bændasamtök Íslands.

Flugið er til einkanota

Rétt er að ítreka að stéttarfélagskjörin á flugmiðum milli Húsavíkur og Reykjavíkur með flugfélaginu Erni eru aðeins fyrir félagsmenn stéttarfélaganna, það er til einkanota, ekki er þeir eru að ferðast á vegum fyrirtækja.



STARFSMANNAFÉLAG
HÚSAVÍKUR



Ólaunuð vinna sjálfboðastörf

Gera verður skýran greinarmun á ólaunaðri vinnu í efnahagslegri starfsemi annars vegar og ólaunaðri samfélagslegri vinnu (sjálfboðavinnu) hins vegar. Ólaunuð vinna við efnahagslega starfsemi, framleiðslu og sölu á vöru eða þjónustu á markaði (í hagnaðarskyni) oft í samkeppni við fyrirtæki í sömu atvinnustarfsemi, felur í sér óásætlanleg undirboð á íslenskum vinnumarkaði og stenst hvorki kjarasamninga né lög. Dæmi um efnahagslega starfsemi þar sem gjarnan finnst fólk í ólaunaðri vinnu skv. athugun ASÍ er fyrst og fremst við ýmiss konar ferðaþjónustu, nánar tiltekið vinnu á kaffi- og veitingahúsum, á gistiheimilum og hótélum, hestaleigum og við hellaskoðanir auk ýmiskonar blandaðra starfa á sveitabýlum og/eda við bændagistingu.

Rétt er að taka fram að fæði og húsnæði geta verið hluti af endurgjaldi fyrir vinnu. Í sumum kjarasamningum er tiltekið að starfsmaður skuli fá fæði og húsnæði sér að kostnaðarlausu auk kjarasamningsbundinna launa. Í öðrum samningum er heimild atvinnurekanda til að draga af kjarasamningsbundnum launum starfsmanns vegna fæðis og húsnæðis sem honum er lagt til en þó með miklum takmörkunum. Forsendan er alltaf sú að kjarasamningum sé fylgt. Það þýðir að ráðningarsamningur sé gerður, lágmarkslaun að minnsta kosti greidd og gefinn út launaseðill þar sem fram koma laun og önnur starfskjör og heimilaðir frádráttarliðir. Allt endurgjald fyrir vinnu skal síðan telja fram skatts og skila hinu opinbera, stéttarfélögum og sjóðum því sem þeirra er. Ólaunuð vinnu við efnahagslega starfsemi þýðir að atvinnurekendur sem nota hana hagnast á kostnað samneyslunnar og skapa sér bæði ósanngjarnt og ólöglegt samkeppnisforskot á markaði. ASÍ hefur óskað eftir ákvarðandi bréfi frá RSK um þetta efni. Ólaunuð vinna borgara frá löndum utan EES við efnahagslega starfsemi þýðir að viðkomandi fyrirtæki gerast brotleg við lög um atvinnuréttindi útlendinga og baka sér refsiaþyrgð í leiðinni. Úrræði s.s. á grundvelli laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og samninga ASÍ og SA um vinnustaðaeftirlit og útlendinga á íslenskum vinnumarkaði færa stéttarfélögum starfsmanna sem hagsmuna eiga að gæta fjölmörg úrræði til að takmarka undirboð á vinnumarkaði með ólaunaðri vinnu. Einstaklingar sem „ráða sig“ í ólaunaða vinnu njóta ekki tryggingaverndar eins og kjarasamningar kveða á um og gagnvart sjúkra- og almannatryggingakerfinu njóta þeir mjög takmarkaðra réttinda. Almennit má álykta að viðkomandi einstaklingar njóti mjög takmarkaðrar tryggingaverndar. ASÍ og aðildarsamtök þess munu ekki þola undirboð á vinnumarkaði og brot sem felast í ólaunaðri vinnu í efnahagslegri starfsemi. Jafnframt hefur ASÍ kallað eftir samstarfi við stjórnvöld og Samtök atvinnulífsins um að uppræta slíka brotastarfsemi.

Merkingum komið fyrir

Iðnaðarmenn hafa lokið við að setja upp merkingar á Skrifstofu stéttarfélaganna en húsnæði stéttarfélaganna var tekið í gegn í sumar að utanverðu og því þótti við hæfi að endurnýja upplýsingar um félögin sem verið hafa á utan á húsinu.



Láttu vita- berjumst saman gegn undirboðum

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum í samstarfi við ASÍ, Samtök atvinnulífsins, ríkisskattstjóra, Vinnuálastofnun, lögregluna og fleiri aðila munu standa fyrir öflugu vinnustaðaeftirliti á félagssvæði stéttarfélaganna á næstu mánuðum. Skorað er á þá sem telja sig búa yfir upplýsingum um vinnustaði þar sem ekki er farið eftir gildandi lögum og reglum að senda skilaboð á netfangið framsyn@framsyn.is. Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál gagnvart þeim sem kemur þeim á framfæri.

Góðu námskeiði lokið

Framsýn stóð fyrir trúnaðarmannanámskeiði í febrúar. Mæting á námskeiðið var verulega góð en 25 trúnaðarmenn tóku þátt í námskeiðinu. Auk þess að sitja á námskeiði áttu trúnaðarmennirnir saman góða kvöldstund þar sem farið var í golf auk þess sem menn borðuðu saman góðan kvöldverð á veitingastaðnum Sölkku. Ungir trúnaðarmenn voru áberandi á námskeiðinu enda greinilega verulegur áhugi meðal ungs fólks að taka þátt í starfi Framsýnar.



Alls tóku 25 trúnaðarmenn þátt í námskeiðinu sem stóð yfir í tvo daga sem byggði á fyrirlestrum og vinnu í starfshópum.



Trúnaðarmennirnir Gudný Gríms og Brynjar Smáráson voru saman í liði á golfmótinu og sigruðu glæsilega. Ölver og Ósk veittu þeim páskaegg í verðlaun.

Fundað með S.M.S.

Yfirmaður þýska fyrirtækisins S.M.S. með aðsetur á Húsavík, Ruud M. Smit, var gestur Framsýnar á dögnum. Ruud M. Smit fer fyrir verktakafyrirtækinu S.M.S sem sér um uppbygginguna á Bakka fyrir hönd PCC. Á fundinum með Ruud var farið yfir upplýsingar sem gilda á íslenskum vinnumarkaði auk þess sem hann lagði mikið upp úr góðu samstarfi við stéttarfélögin. Það voru þeir Aðalsteinn formaður Framsýnar og Aðalsteinn þjónustu- og eftirlitsfulltrúi stéttarfélaganna sem tóku á móti gestinum frá S.M.S. en stéttarfélögin hafa lagt mikið upp úr góðu samstarfi við fyrirtækin sem koma að uppbyggingunni á svæðinu.



Ruud M. Smit frá S.M.S. óskaði eftir fundi með fulltrúum stéttarfélaganna á svæðinu til að fræðast um nokkur mál er snerta þeirra starfsemi á Bakka. Hér er hann ásamt Aðalsteini J. eftirlitsfulltrúa stéttarfélaganna.



Framtíðarreikningur

Við bjóðum góðar framtíðarhorfur

Á þessum tímamótum, þegar fullorðinsárin nálgast með öllu sínu sjálfstæði og spennandi tækifærum, er tilvalið að ræða hvernig sparnaður og fyrirbyggja í fjármálum geti best lagt grunn að bjartri framtíð. Okkur langar í því sambandi að benda á kosti Framtíðarreiknings Íslandsbanka sem ber hæstu vexti almennra, verðtryggðra innlánsreikninga og er bundinn til 18 ára aldurs.

Kynntu þér málið betur á islandsbanki.is eða í útibúi okkar á Húsavík.

.....
Börn á fermingaráldri sem kjósa að **ávaxta 30.000 kr. eða meira á Framtíðarreikningi fá 5.000 kr. í mótframlag** frá Íslandsbanka inn á reikninginn.*
.....

*Gildir einu sinni fyrir hverja kennitölu þeirra barna sem koma ásamt forráðamönnum í útibú Íslandsbanka fyrir 1. júlí 2016.